

EFI-2

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvernig því miðar áfram í málþroskaferlinu. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. Með því að finna börn með málórðugleika er hægt að bæta úr með snemmtækri íhlutun og etv. óska eftir aðstoð talmeinafræðings ef nauðsyn krefur.